

HEIÐARSKÓLI

fréttabréf

SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík


Breytingar í stjórnun

Þær breytingar hafa orðið í stjórnskipan Heiðarskóla að í stað þriggja deildarstjóra, síðastliðinna vetur, hefur verið ráðinn einn deildarstjóri. Þessu starfi mun Steinþóra Eir Hjaltadóttir gegna næsta skólaár.


Önnur nýmæli, varðandi starfsmannahald skólans, eru þau að Sveindís Valdimarsdóttir, kennari, mun sinna starfi



Steinþóra og Sveindís námsráðgjafa í 50% starfi í vetur. Væntum við mikils af störfum þeirra í vetur. Sjá nánar á bls. 3.



Kvinnaliðin stilltu sér upp fyrir átökin þar sem nemendur höfðu betur.



Sigrún Eyjólfssdóttir kennari aðstoðar nemendur við heimanám.

Aðstoð við heimanám í 3. til 6. bekkjum

Boðið hefur verið upp á aðstoð við heimanám í 3.-6. bekk frá 2. sept. s.l. og er það í fyrsta skipti í sögu skólans sem slík aðstoð er veitt. Heimanámsaðstoðin hefur verið og verður í boði mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00-15:00 í stofu 9. Þeir kennarar sem sjá um heimanámsaðstöðina eru:

Á mánudögum - Eygló Pétursdóttir
 Á þriðjudögum - Sigrún Eyjólfssdóttir
 Á miðvikud. - Þóra G. Einarsdóttir
 Á fimmtud. - Sigurbjörg Jónsdóttir
 Fram að þessu hefur þessi aðstoð verið vel nýtt af nemendum eða að meðaltali um 20 börn á dag. Mest hefur aðsóknin þó verið meðal nemenda í

5. og 6. bekk. Við hvetjum alla nemendur 3.-6. bekkjar að nýta sér þessa heimanámsaðstoð því þar hafa þeir aðgang að kennurum. Að sjálfsögu er líka notalegt að vera búinn með heimalærðóminn þegar komið er heim úr skólanum og allur dagurinn framundan.


SKEMMTILEGUR ÍPRÓTTADAGUR

Hinn árlegi íþróttadagur var haldinn með pomp og prakt þann 24. sept. s.l. Hann er greinilega orðinn ómissandi þáttur í skólastarfinu.

Tilgangur dagsins er ekki einungis að vekja áhuga nemenda á íþróttum heldur gildi þeirra fyrir heilsuna.

Að sjálfsögu tóku allir nemendur skólans þátt og var keppt í mörgum íþróttagreinum og var keppni oft á tíðum skemmtileg og spennandi.

Eins og venjulega öttu nemendur kappi við kennara skólans og sigruðu nemendur í öllum leikjum nema í fótbolta karla en þar sigraði geysisterkt lið kennara í geysispennandi og jöfnum leik. Aðeins eitt mark skildi liðin að í lokin.



Nokkrar svipmyndir frá íþróttadeginum.

SAMRÆMD PRÓF Í 4. OG 7. BEKK

Þann 10. og 11. október n.k. verða lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk grunnskólanna. Prófað verður í stærðfræði og íslensku.

Þessa dagu fellur öll önnur kennsla niður í 4. og 7.

bekk. Foreldrar hafa væntanlega fengið í hendur þríf Námsmatsstofnunar þar sem ýmsar hagnýtar upplýsingar er að finna svo og próftími o.fl. Nemendur okkar í Heiðarskóla hafa undanfarnar vikur fengið að kynnast tilhögun prófanna og

tegunum verkefna og hafa kennarar lagt sitt af mörkum til að undirbúa nemendur sína sem best. Það er mjög mikilvægt að við, kennarar og foreldrar, leggjum ríka áherslu á að nemendur okkar óttist ekki prófin heldur geri sitt besta.

NETFÖNG STARFSFÓLKIS OG VIÐTALSTÍMAR

Nafn

Arnbjörg Drífa Kárad.
Alda Jónsdóttir
Auður Gunnarsdóttir
Auður H. Jónatansdóttir
Ástríður Sigurðardóttir
Berglind Daðadóttir
Björn V. Skúlason
Bryndís Guðmundsdóttir
Brynjar Harðarson
Dagfríður Arnardóttir
Eðvarð Þór Eðvarðsson
Elín Gunnarsdóttir
Eygló Pétursdóttir
Eysteinn Eyjólfsson
Gróa Björk Hjörleifsd.
Guðlaug Bárðardóttir
Guðmundur E. Hermanns.
Guðni Björn Kjærbo
Guðný Kristjánsdóttir
Guðríður Walderhaug
Gunnar Valdimarsson
Gunnar Þór Jónsson
Halla Tómasdóttir
Halldóra Fríða Þorvaldsd.
Hallfríður Benediktsd.
Helena Ósk Jónsdóttir
Helga Björg Helgadóttir
Hólmfríður Sigurðardóttir
Inger Hallsdóttir
Ingibjörg Pálmadóttir
Jakobína B. Jónsdóttir
Kolbrún Alexandersdóttir
Kristinn Óskarsson
Magnea Herborg Björnsd.
Margrét Vilmarsdóttir
María Júlíana Arnard.
María Kristín Óskarsd.
María Óladóttir
Málfríður A. Daníelsd.
Málfríður Waage
Ólöf Jónsdóttir
Ósk Benediktsdóttir
Ragnheiður G. Ragnarsd.
Sigrún Eyjólfssdóttir
Sigurbjörg Guðmundsd.
Sigurbjörg Jónsdóttir
Steinunn Njálssdóttir
Steinþóra Eir Hjaltad.
Svava Pétursdóttir
Sveindís Valdimarsd.
Vigdís Karlsdóttir
Þorbjörg R. Óskarsdóttir
Þorgeir Frímánn Óðins.
Þóra Aradóttir
Þóra Guðrún Einarssd.
Þórunn Sigurðardóttir
Örn Bergsteinsson

Netfang

arnbjorg.karadottir@heidarskoli.is

audur.gunnarsdottir@heidarskoli.is
audur.jonatansdottir@heidarskoli.is
astridur.sigurdardottir@heidarskoli.is
bergblind.dadadottir@heidarskoli.is
bjorn.vikingur@heidarskoli.is
bryndis.gudmundsdottir@heidarskoli.is
brynjar.hardarson@heidarskoli.is

edvard.edvardsson@heidarskoli.is
elin.gunnarsdottir@heidarskoli.is
eyglo.petursdottir@heidarskoli.is
eysteinn.eyjolfsson@heidarskoli.is
groa.hjorleifsdottir@heidarskoli.is

gudmundur.hermannsson@heidarskoli.is
gudni.kjarbo@heidarskoli.is
gudny.kristjansdottir@heidarskoli.is
gudridur.walderhaug@heidarskoli.is
gunnar.valdimarsson@heidarskoli.is
gunnar.jonsson@heidarskoli.is
halla.tomasdottir@heidarskoli.is
halldora.torvaldsdottir@heidarskoli.is
hallfridur.benediktsdottir@heidarskoli.is
helena.jonsdottir@heidarskoli.is
helga.helgadóttir@heidarskoli.is

inger.halldottir@heidarskoli.is
ingibjorg.palmdottir@heidarskoli.is

kristinn.oskarsson@heidarskoli.is
magnea.bjornsdottir@heidarskoli.is

maria.arnardottir@heidarskoli.is
maria.oskarsdottir@heidarskoli.is
maria.oladottir@heidarskoli.is

olof.jonsdottir@heidarskoli.is

ragnheidur.ragnarsdottir@heidarskoli.is
sigrun.eyjolfssdottir@heidarskoli.is
sigurbjorg.gudmundsd.@heidarskoli.is
sigurbjorg.jonsdottir@heidarskoli.is
steinunn.njalsdottir@heidarskoli.is
steinthora.hjaltadottir@heidarskoli.is
svava.petursdottir@heidarskoli.is
sveindis.valdimarsdottir@heidarskoli.is
vigdis.karlsdottir@heidarskoli.is
torbjorg.oskarsdottir@heidarskoli.is
thorgeir.odinsson@heidarskoli.is

thora.einarsdottir@heidarskoli.is
thorunn.sigurdardottir@heidarskoli.is
orn.bergsteinsson@heidarskoli.is

Viðtalstímar

Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Miðvikud. kl. 13:30 - 14:00
Eftir samkomulagi
Miðvikud. kl. 8:50 - 9:30
Eftir samkomulagi
Mánud. kl. 10:30 - 11:10
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Þriðjud. kl. 14:00 - 14:50
Miðvikud. kl. 13:30 - 14:00
Mánud. kl. 10:30-11:10
Föstud. kl.13:20 - 14:00
Miðvikud. kl. 12:00-12:40
Eftir samkomulagi
Fimmtud. kl. 13:20 - 14:00
Miðvikud. kl. 12:00-12:40
Eftir samkomulagi
Þriðjud. kl. 8:50 - 9:30
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Þriðjud. kl. 8:50-9:30
Þriðjud. kl. 12:00 - 12:40
Föstud. kl. 12:00 - 12:40
Þriðjud. kl. 10:30 - 11:10
Fimmtud.kl.12:00-12:40
Eftir samkomulagi
Föstud. kl. 10:30-11:10
Miðvikud. kl. 13:30 - 14:00
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Fimmtud. kl. 10:30 - 11:10
Miðvikud.kl. 11:20-12:00
Eftir samkomulagi
Fimmtud. kl. 11:20-12:00
miðvikud. kl. 8:50 - 9:30
Þriðjud. kl. 9:50 - 10:30
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi
Þriðjud.kl. 11:20-12:00
Eftir samkomulagi
Fimmtudaga kl. 12:40-13:20
Fimmtud. kl: 11:20 - 12:00
Miðvikud. kl. 13:30 - 14:00
Mánud. kl: 10:30 - 11:10
Fimmtud. kl: 9:50 - 10:30
Eftir samkomulagi
Föstud.kl. 12:40-13:20
Eftir samkomulagi
Föstud.kl. 12:40-13:20
Eftir samkomulagi
Mánud. kl. 11:20 - 12:00
Eftir samkomulagi
Þriðjudag kl. 9:50 - 10:30
Eftir samkomulagi
Eftir samkomulagi

Námsráðgjafi í Heiðarskóla

Sveindís Valdirmarsdóttir, kennari gegnir nú 1/2 starfi námsráðgjafa við Heiðarskóla. Meginmarkmiðið með starfinu er að greiða aðgang nemenda að ráðgjöf sem snertir persónuleg mál auk ráðgjafar við náms- og starfsval. Námsráðgjafi vinnur því í nánnum tengslum við umsjónarkennara og foreldra eftir því sem við á. Auk þess er hann tengiliður við sérfræðinga innan sem utan skólans.

Samkvæmt drögum að starfslýsingu námsráðgjafa í grunnskólum Reykjanesbæjar eru helstu verkefni námsráðgjafa eftirfarandi:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og veita nemendum fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- Aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Skipuleggja og sjá um nám og starfsfræðslu í skólanum.

- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum, þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.

- Undirbúa nemendur undir flutning á milli skóla og skólastiga og fylgja þeim eftir inn í framhaldsskóla.

Nemendur eru hvattir til að leita til Sveindísar en hún er með aðstöðu í herbergi heilsugæslunnar í Heiðarskóla með viðtalsstíma á mánuðögum og miðvikudögum frá kl. 8.10- 16.00.



NÁMSKYNNING FRÁ FS

Þann 30. sept. s.l. var boðið upp á námskynningu fyrir 10. bekk frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Kynningin var í höndum Elínar R. Ólafsdóttur námsráðgjafa við FS.

Foreldrum var boðið til þessarar kynningar sem fram fór á sal skólans. Elín fór yfir inntökuskýrði fyrir hinar ýmsu námsbrautir og ræddi m.a. þær breytingar sem átt hafa sér stað á samræmdum prófum í 10. bekk. Því næst kynnti hún þau námstilboð sem skólinn hefur upp á að bjóða, jafnt á bóknams- og verknámsbrautum. Farið var yfir það hvaða möguleikar felast í hverri námsbraut og hvort um sé að ræða undirbúning fyrir frekara nám eða nám sem útskrifar nemendur með ákveðin starfsréttindi. Ýmsar spurningar vakna við kynningu sem þessa. Nemendum 10. bekkjar verður

boðið til nánari kynningar í Fjölbrautaskólanum í febrúar. Að lokum benti Elín á heimasíðu FS til nánari upplýsinga fss.is, auk þess sem hún benti á vefina idan.is og mennt.is en þar gefst kostur á að skoða námsleiðir tengdar ákveðnum störfum. Nemendur 9. bekkjar fengu einnig stutta kynningu á FS þennan sama dag. Heiðarskóli þakkar Elínu fyrir komuna og bendir nemendum og foreldrum á að skoða fyrirnefndar vefslóðir. Einnig hvetjum við ykkur til að leita til Sveindísar Valdirmarsdóttur, námsráðgjafa við Heiðarskóla.



STARFSFÓLK Á SOS NÁMSKEIÐI

Starfsfólk Heiðarskóla er nú á námskeiði sem Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur á Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar heldur. Námskeið þetta er m.a. þjálfunarnámskeið og kennsla í ákveðinni uppeldistækni.

Fimmtu bekkingar á Degi stærðfræðinnar

Á degi stærðfræðinnar var mikið um að vera hjá 5. bekkjum fyrir skömmu. Fluttu nemendur afrakstur þeirra verkefna sem þeir höfðu forunnir fyrir bekkjarfélaga sína en markvisst var unnið að þessu sinni með stærðfræði sem samþætt var bókmenntaverkefnum.

Byrjað var á því að lesa ljóðið "öfugumeginframúrtefna" eftir Þórarín Eldjárn. Nemendur fundu allt sem hægt var að tengja við stærðfræði í ljóðinu. Viðhöfð var hugstormun og umræður um stærðfræði í framhaldi af þessum ljódalestri. Næsta verkefni var

svo ljóðagerð þar sem hver nemendi samdi ljóð tengt stærðfræði.

Óhætt er að fullyrða að þetta var skemmtilegt verkefni sem tókst mjög vel. Afrakstur þessarar þemaviku tengt stærðfræðinni má svo sjá á veggjum skólans í formi plakata.

HEIÐARSKÓLI Í HOLLANDI

Yfir 50 starfsmenn Heiðarskóla og makar þeirra fóru til Hollands í júní s.l. Ferðin var farin m.a. í þeim tilgangi að kynna sér uppbyggingu hollenska skólakerfisins og heimsækja nokkra skóla á mismunandi aldursstigum.

Það sem vakti athygli okkar hvað mest, varðandi skólakerfið var að nemendur þurfa, í samráði við kennara og foreldra að velja sér námssvið þegar þau eru 12-13 ára gömul. Það er hvort þau ætli sér í langskólanám eða styttra starfsnám á verklegu eða bóklegu sviði. Þá vakti skóli einn mikla athygli hjá okkur, þar sem innflytjendur eru í miklum meirihluta, aðallega múslimar frá Marokkó. Þar var megináhersla lögð á verknám sem ýmis fyrirtæki stóðu fyrir með því að kaupa tól og tæki inn í skólanum.

Í ferðinni komum við á samstarfi við skóla í Sneek sem er í frísneska hluta

Hollands. Samstarfsverkefnið heitir Rainbow og gengur út á að nemendur í mismunandi löndum vinna saman að því að leysa tiltekin verkefni með aðstoð netsins. Verkefnið er í umsjá Sjoukje Piebenga kennara í Sneek og mun Ragnheiður Ragnarsdóttir enskukennari vinna að því með 10. bekkjum Heiðarskóla. Sjoukje dvelur nú á Íslandi í tengslum við Comeniusar verkefni Evrópusambandsins og kemur til með að vinna með okkur hér í skólanum. Þannig fékkst áþreifanlegur árangur af þessari ferð sem allir höfðu bæði gagn og gaman af.

FÉLAGSSTÖRF NEMENDA AÐ HEFJAST

Þú ert að skipa nemendaráð Heiðarskóla fyrir nýhafið skólaár. Yfir 40 nemendur sóttu um og var mikill vandi á höndum að velja á milli svo margra áhugasamra nemenda.

Eftirtaldir urðu fyrir valinu: Katla 7. MÓ, Guðmann 7. MÓ, Gylfi Már 7. EE, Berglind 7. EE, Pétur Karl 8. MK, Sigurlaug Erla 9. SN,

Gardar 9. GH, Þórunn Jóna 10. SP, Helena 10. SP, Guðlaug 10. IH og Lilja Karen 10. IH. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi. Lilja Karen gegnir embætti formanns og hún og Helena eru fulltrúar Heiðarskóla í unglingaráði Fjörheima.

Klúbbastarf er að hefjast og stefnt er að fjölbreyttu félagsstarfi í vetur.

Auk starfs innan skólans mun Heiðarskóli starfa með hinum skólunum fjórum á sviði félagsmála þetta árið sem hin fyrri. Sameiginleg diskóteki verða haldin fyrir 5., 6., og 7. bekki einu sinni í mánuði, keppt verður í knattspyrnu, hreytti, spurningakeppni og ræðumennsku milli skólanna fjögurra auk þess að haldin verður

sameiginleg jóla- og árshátíð fyrir 8.-10. bekk.

Eysteinn Eyjólfsson kennari verður umsjónarmaður félagsstarfs í Heiðarskóla í vetur og eru allar ábendingar foreldra eða nemenda um félagsstarf vel þegnar á netfangið:

eysteinn.eyjolfsson@heidarskoli.is.


Knattspyrnumót grunnskólanna:

Heiðarskóli sigraði

Fimmtudaginn 26. sept. fór fram í Reykjaneshöllinni knattspyrnumót grunnskólanna í Reykjanesbæ þar sem úrvalslíð skólanna fjögurra skipuð nemendum úr 8.-10. bekk áttust við.

Hart var barist í mótinu en þetta er fyrsta knattspyrnumótið sem haldið er milli skólanna en á síðasta ári var keppt í hreysti og spurningakeppni. Verður því haldið áfram en einnig er áætlað að koma á ræðukeppni milli grunnskólanna sem haldin yrði vorið 2003.

Heiðarskóli hafði nauman sigur að lokum, var jafn Njarðvíkurskóla að stigum og með sama markamismun, en úrslitum réði að Heiðarskóli skoraði fleiri mörk en Njarðvíkurskóli. Holtaskóli varð í þriðja sæti en Myllubakkaskóli rak lestina þrátt fyrir hetjulega baráttu.



Hetjurnar úr Heiðarskóla sigruðu mótinu.



Glæsilegir fulltrúar Heiðarskóla í Nýsköpunarkeppninni 2002.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Þetta eru þau Hilmar Rafn Sölvason, Thelma Ýr Þórarinsdóttir og Guðlaug Anna Jónsdóttir, öll í 7.EE og Ástrós Skúladóttir 6.SJ. Hafa þau verið boðuð í vinnusmiðjur í Foldaskóla í Grafarvogi til að vinna að plakat-


og frumsmíðagerð, vegna hugmynda sinna. Heiti hugmynda þeirra eru: peysa með vettlingum, skólataska með skíði og fimleikahestur með gormum. Óskum við þeim til hamingju með árangurinn.

Gróðurreitir skólans við Rósaselsvötn

Undanfarna tvo vetur, hafa nemendur 4. bekkja farið upp að Rósaselsvötnum og unnið þar við gróðurreit skólans. Hefur þetta farið þannig fram, að á haustdögum hafa börnin, ásamt kennurum sínum og öðru starfsfólki

skólans, farið og grafið 50-80 holur og síðan fyllt þær af skít.

Að vori hafa börnin síðan gróðursett plöntur í holurnar sínar. Starf þetta hefur verið unnið í samvinnu við Skógræktarfélag Suðurnesja.



Hjú nýja hringtorg sem búið er að breikka svo bílaumferð gangi betur fyrir sig. Ætlast til þess að þeir sem aka börnunum í skólann noti þessa leið. Verum nú samtaka um að nota hringtorgið.

Endurbætur og lagfæringar við Heiðarskóla

Eins og allir, sem leið eiga í Heiðarskóla hafa orðið varir við, þá hafa staðið yfir lagfæringar og endurbætur við aðkomu skólans.

Búið er að breikka hringtorgið fyrir framan skólann, þannig að mun auðveldara er að sækja eða keyra börnin í skólann. Þá er langt komið með að lagfæra Heiðarbólið.

Komið hefur í ljós að nokkuð hefur dregið úr því að nemendur eru keyrdir í skólann og er það vel. Hinsvegar mættu enn fleiri foreldrar sleppa því að keyra börnin í skólann, því að vegalengdir í skólahverfinu okkar eru ekki miklar. Flestir nemendur þurfa ekki að ganga meira en 400 til 600 metra í skólann. Margir minna og örfáir meira.

Upp úr miðjum september voru gerðar kannanir, hversu margir komu akandi með börnin í skólann og hversu mörg börn voru í bílunum. Þá daga, sem þetta var athugað, var milt og gott veður. Þeir sem notuðu hringtorgið, voru að meðaltali 37 bílar, með 50 börn, en



Til endanna við skólann koma gangandi börn í skólann. Skapast þar oft hætta vegna umferðaröngþveitis. Notum því hringtorgið.

þeir sem komu akandi og hleyptu börnunum út við Heiðarbólið voru að meðaltali 34 bílar, með 42 börn. Þessi bílaumferð var frá klukkan 7.50 til 8.10 og þar af kom helmingur bílanna frá kl. 8.05 til 9.10.

Við viljum hvetja foreldra til þess að láta börnin sín ganga í skólann og taka ekki af þeim þessa nauðsynlegu hreyfingu, nema í undantekningartilfellum. Eins viljum við hvetja þá foreldra, sem keyra börnin sín í skólann eða sækja, að nota "hringtorgið" en ekki Heiðarbólið. Öryggisins vegna.



Einn kálfur í viðbót

Eins og flestum ætti að vera kunnugt, þá bættist einn kálfur við Heiðarskóla í sumar, þannig að nú eru þeir orðnir þrjú talsins. Í vetur verða báðir 6. bekkirnir í kálfum, ásamt einum 4. bekk.

Einnig verður þarna íslensku- og náttúrufræðikennsla á unglingsstigi.

Þetta fyrirkomulag er vegna fjölgunar í skólanum, en í vetur verða nemendur Heiðarskóla 493.